



### **Auglýsing vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Brekkugötu 5 í samræmi við 6. gr. laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015**

Hjá byggingarfulltrúa Skagafjarðar liggur fyrir byggingarleyfisumsókn í samræmi við 9. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 frá eigendum fjölbýlishúss við Brekkugötu 5 á Sauðárkróki, um leyfi til að gera breytingar á húsnaðinu.

Byggingarár hússins er 1958. Breytingar varða útlit hússins, endurnýjun á gluggum og hurðum. Áætlaður verktími er um 3 mánuðir.

Framkvæmdin er innan verndarsvæðis í byggð sem er norðurhluti gamla bæjarins á Sauðárkróki sem staðfest var af ráðherra þann 11. febrúar 2020.

Samkvæmt greinargerð um verndarsvæði í byggð frá 2018 og Húsakönnun Sauðárkróks frá 2018 hefur húsið miðlungs varðveislugildi sem byggir að mestu á háu upprunalegu gildi, miðlungs umhverfis gildi og tæknilegu ástandi. Aftur á móti er gildi þess metið lágt fyrir byggingarlist og menningarsögulegt gildi.

Með vísan til 6. gr. laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015, skal sveitarstjórn auglýsa hina fyrirhuguðu framkvæmd áður en tekin er ákvörðun um leyfi til framkvæmda. Þannig er almenningi og hagsmunaaðilum veitt tækifæri til að koma sjónarmiðum og athugasemdum á framfæri við sveitarstjórn áður en ákvörðun er tekin um framkvæmdina.

Gögn er varða fyrirhugaða framkvæmd liggja frammi til kynningar frá og með 23. nóvember 2022 til og með 7. desember 2022 í Ráðhúsi Skagafjarðar og á heimasíðu sveitarfélagsins, <https://www.skagafjordur.is/>

Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að kynna sér fyrirhugaða framkvæmd og gera athugasemdir eða ábendingar við hana. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast í síðasta lagi 7. desember 2022 til byggingarfulltrúa í Ráðhúsi, Skagfirðingabraut 21 eða á netfangið: [andrig@skagafjordur.is](mailto:andrig@skagafjordur.is)

Einar Andri Gíslason, byggingarfulltrúi.

